

**Ríkissáttasemjari**  
**Aðalsteinn Leifsson**

Reykjavík, 26. janúar 2023.

**Efni: Miðlunartillaga ríkissáttasemjara, dags. 26. janúar 2023.**

Í upphafi fundar sem hófst kl. 9:30 í morgun, 26. janúar 2023, lagði Ríkissáttasemjari fram skjal sem nefnt er „Miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins“ og skjal sem nefnt er „Frankvæmd og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara“.

Efling-stéttarfélag telur að ríkissáttasemjari hafi ekki fullnægt skilyrðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og því sé ekki um að ræða lögmæta miðlunartillögu í skilningi laganna. Það sama á við um boðaða framkvæmd og fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar.

Efling-stéttarfélag telur því nauðsynlegt að dómstólar leysi úr lögmæti aðgerða ríkissáttasemjara.

Að lokum krefst Efling-stéttarfélag þess að fá allar fyrirliggjandi upplýsingar um öll samskipti sem ríkissáttasemjari, og starfsmenn embættisins, hafa átt við deiluaðila og aðra sem varða samráð í tengslum við undirbúning og ákvarðanatöku um tillöguna. Er m.a. óskað eftir að fá allar fyrirliggjandi skráningar um samskipti við þessa aðila á fundum, símleiðis, með smáskilaboðum, í tölvupósti, bréflaga eða með öðrum hætti, sbr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Virðingarfyllt

  
Sólveig Anna Jónsdóttir

formaður samninganefndar Eflingar